

Frístundarhlé í stundaskrá

Í stundarskrá 1.-4. bekkjar er gert ráð fyrir frístundarhléi alla daga frá kl. 12:00-12:40 hjá 1.-2. bekk og frá kl. 11:00-11:40 hjá 3.-4. bekk. Nemendur þurfa að velja eitthvað eitt á hverjum degi. Best er að senda óskir á netfangið fristund@isafjordur.is en einnig er hægt að koma við í Dægradvöl á milli kl. 8-16 virka daga. Hér fyrir neðan er útskýring á því hvað felst í hverju vali fyrir sig.

Frjáls leikur

Frístund er til húsa á 2. hæð Sundhallarinnar og í nýjustu álmu grunnskólans, en þar geta börnin valið sér verkefni og verið í frjálsum leik. Börnin hafa val um ýmislegt, þau geta teiknað, litað, spilað og leira. Þá er einnig hægt að fara í dúkkuleiki, playmo, bílaleiki, klæða sig upp og fara í hlutverkaleiki og margt margt fleira. Ekki er þó allt í boði alla daga en allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Hópleikir

Farið verður í allskonar hópleiki þar sem unnið verður með hópefli, samvinnu og samkennd.

Ævintýrahópur

Eitthvað óvænt og skemmtilegt gert. Fer fram að mestu leyti utandyra. Hægt er að velja 1x í viku.

Verksmiðjan

Smiðja þar sem ýmislegt verður gert, meðal annars verður samsetningu hluta skoðuð, þeir teknir í sundur og skoðaðir nánar. Vonandi verður smiðjan að einskonar verstæði, hámarks fjöldi er í þessa smiðju.

Útivist/útivera

Í útivist/útiveru eru börnin úti allan tímann. Farið er í skiplagða leiki en einnig fá þau að leika frjálst. Starfsmaður er alltaf úti, stýrir leikjum og fylgist með. Mæting er á skólalóðinni á Austurvegi.

Bókasafn

Hægt er að velja að fara á bókasafn í frístundartímanum. Þar fá börnin tækifæri til að sitja í rólegheitum og lesa eða skoða bækur. Á bókasafninu eru þó aldrei fleiri en 10 börn í einu og hvert barn getur bara valið einn dag á bókasafni í viku. Verði mikil ásókn á bókasafnið fær hvert barn að vera einn dag í viku hálfan veturinn.

Youtube danssmiðja

Tæknin verður notuð til að æfa dansspor og dansa, einungis í boði fyrir nemendur í 3.-4. bekk.

Jóga

Gunnhildur Gestsdóttir verðu með léttar jógaæfingar og teygjur einu sinni í viku.

Skák

Farið yfir mannganginn og undirstöðuatriði íþróttarinnar.

Spil

Kennd verða ýmis borðspil en líka spilað á 52 spil.

Perlur og fönður

Hér verður sköpuninni gefinn laus taumur, bæði verður unnið frjálst og einhver skipulögð fönðurverkefni.

Heimurinn og ég

Ýmislegt verður gert til að kynnast og skoða veröldina betur án þess að fara langt. Internetið, Google maps, bækur, og heimsóknir frá gestum er meðal þess sem notast verður við.

Íþróttaskóli HSV

Mikilvægt er að þeir nemendur sem kjósa að vera í íþróttaskólanum í frístund séu skráðir í hann og eru allar nánari upplýsingar á heimasíðu HSV. Ekki komast allar æfingarnar fyrir í frístundahléinu hjá öllum hópum og eru fleiri æfingar í boði eftir skóla.

www.hsv.is

Grunnþjálfun

Í grunnþjálfun er áhersla lögð á hreyfingu og hreyfiþroska barna. Fjölbreyttar æfingar verða í boði, farið í leiki, þrautir, fimleika, hopp, hlaup, köst, aðrar greinar kynntar og margt fleira. Grunnþjálfun er í boði tvisvar í viku fyrir hvern hóp og eru æfingar í íþróttahúsinu á Austurvegi.

Boltaskóli

Boltagreinararnar í skólanum eru knattspyrna, blak, körfuknattleikur og handknattleikur. Börnin fá að kynnast öllum þessum greinum til jafns yfir veturinn. Boltaskóli er í boði tvisvar í viku fyrir hvern hóp.

Boltaskólaæfingar hjá 1. og 2.bekk fara fram í íþróttahúsinu á Austurvegi. Boltaskólaæfingar fyrir börn í 3.-4.bekk fara fram í íþróttahúsinu á Torfnesi, þar sem þjálfarar frá aðildarfélögum koma með sérþekkingu á sinni grein. Börnin í 3.-4.bekk taka rútu við Ísafjarðarbíó sem fer með þau á æfinguna á Torfnesi og er þeim skutlað aftur í skólann að æfingu lokinni.

Sund

Í sundhluta íþróttaskólans er boðið uppá eina æfingu á viku fyrir hvern hóp. Sundæfingar fara fram í sundhöllinni á Austurvegi.

Tónlistarskólar

Mikilvægt er að þeir nemendur sem kjósa að vera í tónlistarskóla í frístund séu skráðir í hann og eru allar nánari upplýsingar á heimasíðum skólanna.

<http://tonis.is/> (skráning fer fram í ritari@tonis.is)

<http://www.edinborg.is/>

TÍ - Forskóli fyrir 1.bekk

Meginmarkmið forskóla er að búa nemendur undir hljóðfæranám. Í náminu felst tónlistariðkun með ýmsum aðferðum s.s., söng, hreyfingu, slagverksleik, hlustun og sköpun, lestri og ritun. Meginhugtök tónlistar eru kynnt nemendum, tónhæð, styrkur, áferð, tilfinning og túlkun og margt fleira. Æskilegt er að börn sem ætla í hljóðfæranám hafi lokið minnst einu ári í forskóla.

TÍ - Tónasmiðjan fyrir 2.bekk

Meginmarkmið Tónasmiðjunnar er að glæða áhuga barna á tónlist, virkja þau til að greina ýmsa þætti tónlistar og áhrif hennar og efla þau með hlustun, söng, hreyfingu og sköpun, lestri og ritun nótna. Þau fá að kynnast notkun tölva við tónsköpun og einnig möguleikunum við hljóðsetningu. Helstu hljóðfæri verða kynnt og tónlistarfólk fengið til kynninga. Tónasmiðjan er sjálfstætt framhald forskóla og er kjörin fyrir þá sem kynnst hafa forskólastarfinu í 1. bekk.

TÍ - Barnakór - 1. og 2. bekkur

Unnið er með grunnþætti tónlistarinnar í gegnum söng, hlustun og hreyfingu. Lögð er áhersla á að börnin læri einföld en fjölbreytt lög utanað, upplifi ólík blæbrigði tónlistarinnar og þjálfist í að hlusta eftir þeim. Kórinn kemur fram á tónleikum Tónlistarskóla Ísafjarðar og víðar.

Tí - Kórskóli - 3. og 4. bekkur

Í gegnum söng, hlustun og hreyfingu upplifa börnin ólík blæbrigði tónlistarinnar. Grunnhugtök tónfræðinnar eru kynnt til leiks og unnið með raddbeitingu, nótnalestur og raddaðan söng. Kórinn syngur á tónleikum Tónlistarskóla Ísafjarðar og víðar.

Trommusmiðja fyrir áramót fyrir 3.-4. bekk

Á námskeiðinu búa nemendur til sínar eigin trommur og upplifa tónlist í gegnum samspil á slagverkshljóðfæri og ýmsa tónlistartengda leiki. Lögð er áhersla á samvinnu og spilagleði.

Samspilshópur fyrir hljóðfæranemendur í 3.-4. bekk

Hér fá nemendur tækifæri til þess að spila á hljóðfæri í fjölbreyttu samspili. Komið verður til móts við hvern og einn þátttakanda þar sem hann er staddur í hljóðfæranáminu og áhersla lögð á spilagleði og samvinnu. Unnið verður með útsetningar fyrir þau hljóðfæri sem nemendurnir leika á en einnig spuna og ýmsar æfingar sem efla hlustun í samspili.

Einstaklingstímar í tónlist

Frístundarhléið getur nýst fyrir einstaklingstíma í tónlist. Foreldrar þurfa að skrá barnið í þann tónlistarskóla sem barnið verður í og láta frístund/dægradvöl vita af tímasetningu hljóðfæratímanna.